

## REGLUGERÐ

**um menntun, réttindi og skyldur tanntækna  
og skilyrði til að hljóta starfsleyfi.**

### I. KAFLI

#### **Almenn ákvæði.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um tanntækna sem hafa starfsleyfi landlæknis skv. 2. gr.

### II. KAFLI

#### **Starfsleyfi.**

2. gr.

*Starfsheiti.*

Rétt til að kalla sig tanntækni og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

3. gr.

*Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.*

Leyfi skv. 2. gr. má veita þeim sem lokið hafa tanntæknámi frá viðurkenndri menntastofnun sem starfar á grundvelli aðalnámskrár framhaldskóla.

Einnig má veita starfsleyfi á grundvelli menntunar frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Sviss. Um viðurkenningu á faglegi menntun og hæfi tanntæknis sem uppfyllir skilyrði til-skipunar 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegi menntun og hæfi, með síðari breytingum, fer samkvæmt reglugerð um viðurkenningu á faglegi menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum, nr. 461/2011, eða samkvæmt Norðurlandasamningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna, nr. 36/1993, sbr. breytingu nr. 6/2001.

Pá er heimilt að veita starfsleyfi þeim sem lokið hafa sambærilegu prófi frá menntastofnun í ríki utan EES eða Sviss sem viðurkennd er sem slík af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi og heilbrigðis-yfirvöldum þess ríkis þar sem námið var stundað.

Umsækjandi um starfsleyfi sem tanntæknir, skv. 2. gr., frá ríki utan EES og Sviss sem Ísland hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegi menntun og hæfi skal meðal annars leggja fram gögn um ríkisfang, innihald náms og námslengd, ásamt prófskírteini, starfsleyfi ef starfsgreinin er löggilt í því ríki sem umsækjandi kemur frá, fyrirhuguð störf hér á landi svo og önnur gögn og vottorð sem landlæknir telur nauðsynleg vegna útgáfu starfsleyfis.

Áður en umsókn um starfsleyfi er tekin til efnislegrar meðferðar þarf eftir atvikum að ligga fyrir staðfest afrit umsóknar um atvinnu- og dvalarleyfi ásamt undirrituðum ráðningarsamningi.

Heimilt er að gera kröfu um að umsækjandi búi yfir kunnáttu í íslensku og hafi þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf svo og öðrum lögum og stjórnavaldsfyrirmælum sem talin eru nauðsynleg til að geta starfað sem tanntæknir, einkum vegna öryggis og samskipta við sjúklinga.

Hafi að mati landlæknis ekki verið sýnt fram á að nám umsækjanda uppfylli kröfur skv. 1. mgr. að teknu tilliti til starfsreynslu er heimilt að krefjast þess að umsækjandi gangist undir próf sem sýni fram á að hann búi yfir þeirri faglegu þekkingu og hæfni sem krafist er af tanntækni. Landlæknir skal skipuleggja prófið í samráði við viðurkennda menntastofnun sem starfar á grundvelli aðalnámskrár framhaldskóla.

Starfsleyfi skv. 3. mgr. er gefið út við komu umsækjanda til starfa hér á landi.

4. gr.

*Umsagnir.*

Áður en leyfi er veitt skv. 2. gr. á grundvelli menntunar utan Íslands skv. 3. mgr. 3. gr. skal landlæknir leita umsagnar hjá viðurkenndri menntastofnun sem starfar á grundvelli aðalnámskrár

framhaldskóla um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um menntun skv. 1. mgr. 3. gr. fyrir útgáfu starfsleyfis.

Landlækni er heimilt að leita umsagnar annarra aðila eftir þörfum.

### III. KAFLI Réttindi og skyldur.

5. gr.

#### *Faglegar kröfur og ábyrgð.*

Tanntæknir skal sýna sjúklingi virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og í samræmi við þær faglegu kröfur sem gerðar eru til stéttarinnar á hverjum tíma.

Tanntækni ber að þekkja skyldur sínar og virða síðareglur stéttarinnar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungrar er varða starfið.

Tanntæknir skal þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu og önnur lög og stjórvaldsfyrirmæli eftir því sem við á.

Tanntæknir ber ábyrgð á störfum sínum í samræmi við þá menntun sem hann hefur hlotið.

Tanntæknir skal virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt er.

6. gr.

#### *Upplýsingaskylda og færsla sjúkraskrár.*

Um upplýsingaskyldu tanntæknis gagnvart sjúklingi fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Um skyldu tanntæknis til að veita landlækni upplýsingar, meðal annars vegna eftirlits og til gerðar heilbrigðisskjýrslna, fer samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.

Tanntæknir skal, eftir því sem við á, fera sjúkraskrá samkvæmt ákvæðum laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

7. gr.

#### *Nemar.*

Tanntæknir ber ábyrgð á því að nemar, sem honum er falið að veita leiðsögn, hafi næga hæfini og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar og tilsvogn til að inna af hendi störf sem hann felur þeim.

8. gr.

#### *Trúnaður og þagnarskylda.*

Tanntæknir skal gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða rökstudd ástæða er til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns, ef við á, leysir tanntækni undan þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt þessari grein nær ekki til atvika sem tanntækni ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber tanntækni skylda til að koma upplýsingum um atvik á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu tanntæknis gilda jafnframt ákvæði laga um réttindi sjúklinga, ákvæði laga um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.

### IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

9. gr.

#### *Gjaldtaka.*

Um gjaldtöku vegna útgáfu starfsleyfis fer skv. 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Nr. 1122

11. desember 2012

Um gjaldtöku vegna hvers konar umsýslu landlæknis vegna umsókna um starfsleyfi til viðbótar gjaldi skv. 1. mgr. og vegna prófa í faglegri þekkingu og færni fer samkvæmt reglugerð um gjaldtöku vegna umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi heilbrigðisstarfsmanna, nr. 951/2012.

10. gr.

*Almenn ákvæði.*

Ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, svo og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli gilda eftir því sem við á um tann-tækna.

11. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5., 30. og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, öðlast gildi 1. janúar 2013. Frá sama tíma fellur brott reglugerð um menntun, réttindi og skyldur tanntækna, nr. 259/1998, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 11. desember 2012.*

**Guðbjartur Hannesson.**

---

*Vilborg Ingólfssdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2012